

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

9. janúar 2026
UOS2501333/K.K.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 11. desember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Colas Ísland hf. – KVM, þann 1. desember 2025. Þann 18. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.
2. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst ekki fyrir 1. maí 2024.

Tímasett áætlun um úrbætur vegna frávíks 1 og 2:

Lýsing á úrbótum: Gera grænt bókhald tímanlega

Lok úrbóta: 1. maí 2026

3. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Í starfsleyfi eru sett losunarmörk fyrir olíu og svifagnir í fráveitu. Samkvæmt niðurstöðum úr frárennslismælingum fyrir árið 2025 voru svifagnir yfir mörkum.
Lýsing á úrbótum: Athuga hvort virkni olíuskiljanna sé í lagi. Athuga hvort hægt sé að breyta þyngdarafllsskilju í samrunaskilju
Lok úrbóta: 30. apríl
4. Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Á lóðinni eru tveir neyslugeymar án fullnægjandi árekstrarvarna.
Lýsing á úrbótum: Setja upp árekstrarvörn hinu megin við neyslugeyma
Lok úrbóta: 30. janúar 2026
5. Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar

mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur lausageyma. Á lóðinni er úrgangsolíutankur án árekstrarvarna.

Lýsing á úrbótum: Setja upp árekstrarvörn

Lok úrbóta: 30. janúar 2026

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1410/2023, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá. Gjaldið er kr. 22.400 kr/klst.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Lögfræðingur Teymi eftirlits